

Vetrarferðir 2016

Unnið fyrir Vegagerðina



**Land-
ráð sf**

Dr. Bjarni Reynarsson

Skipulagsfræðingur

Ferðir út fyrir búsetusvæði

Ágrip.....	3
Inngangur.....	4
Ferðir út fyrir sveitarfélag eða búsetusvæði.....	5
Innanlandsflug.....	12
Ferðavenjur á höfuðborgarsvæðinu.....	18
Viðauki I: Spurningalisti vetrarkönnun 2012.....	27
Viðauki II: Fyrri kannanir Land-ráðs sf á ferðavenjum.....	33

Forsíðumynd: Heimild Vegagerðin – vefmyndavél.

Ágrip

Helstu niðurstöður þessarar könnunar eru eftirfarandi:

A: Ferðir út fyrir búsetusvæði

- Meðalfjöldi ferða út fyrir búsetusvæði er nokkuð minni en í fyrri vetrarkönnunum. Færri fóru út fyrir búsetusvæði en í fyrri könnunum, líklega vegna slæms tíðarfars. Raunaukning umferðar samkvæmt talningum Vegagerðarinnar er án efa að stærstum hluta vegna aukins fjölda erlendra ferðamanna á vegum landsins að vetrarlagi.
- Fjöldi ferða til höfuðborgarsvæðisins er aftur á móti svipaður og í fyrri könnunum og notkun strætó einnig. Um 80% svarenda sagðist nota einkabíl til þessara ferða sem er svipað hlutfall og 2012 en nokkuð lægra en 2009.
- Lang flestir nefna umbætur á hringveginum sem mikilvægustu framkvæmd við samgöngukerfið næstu misseri en mun færri almenningssamgöngur en við síðustu kannanir.
- Lang flestir svarendur sögðu að fjöldi erlendra ferðamanna hefði ekki haft áhrif á ferðaáætlanir sínar, en þeir væru hættulegir á vegum landsins.

B: Innanlandsflug

- Notkun innanlandsflugs er nokkuð minni en í fyrri könnunum en aftur á móti fer notkun utanlandsflugs vaxandi og hefur náð svipuðu hlutfalli og 2008 fyrir fjármálahrun.
- Um 59% allra svarenda vilja ekki flytja flugstarfsemi úr Vatnsmýrinni, þar af 47% svarenda á höfuðborgarsvæðinu sem er nokkuð lægra hlutfall en í síðustu könnunum.
- Um 43% flugfarþega í innanlandsflugi eiga erindi vestan Kringlumýrarbrautar

C: Höfuðborgarsvæðið


- Meðalferðatími milli heimilis og vinnu hefur vaxið umtalsvert frá 2012. Reyndist vera 14 mínútur 2016 en var 11 mínútur 2012.
- Hlutfall þeirra sem nota yfirleitt einkabílinn til ferða innan höfuðborgarsvæðisins lækkaði úr 87% 2007 í 75% 2012, en í vetrarkönnun 2016 var þetta hlutfall komið upp í 78%.
- Eins og í fyrri könnunum eykst notkun einkabílsins með aukinni fjarlægð frá miðpunkti íbúadreifingar. Hlutfallslega flestir fara ferða sinna gangandi í miðborginni og nærliggjandi hverfum.
- Þeir sem segjast hafa breytt ferðavenjum sínum á síðustu misserum segjast nota strætó oftar en áður.
- Stuðningur við betrubætur á stofnbrautakerfi höfuðborgarsvæðisins er mestur þegar spurt er um mikilvægustu framkvæmdir eftir samdrátt frá því fyrir hrun 2007. Nokkuð hefur dregið úr stuðningi við bætta þjónustu strætó og að bæta hjóla og gönguleiðir. Vaxandi áhugi er fyrir léttlestakerfi.

Inngangur

Könnun þessi er unnin að frumkvæði samgönguyfirvalda og kostuð af Vegagerðinni. Þar sem Landráð sf hefur frá 2005 unnið kannanir fyrir samgönguyfirvöld á ferðavenjum landsmanna eru til ágæt samanburðargögn til að meta hvaða breytingar hafa helst orðið á ferðavenjum landsmanna síðustu árin.

Könnunin sem fór fram í mars 2016 var netkönnun. Sá MMR um öflun upplýsinga og frumvinnslu tölfræðilegra gagna. Úrtakið var valið með tilvinjunaraðferð úr hópi álitsgjafa MMR. Alls svöruðu 940 manns könnuninni. Spurningalistinn samanstóð af 23 spurningum. Spurningarnar eru þær sömu og í fyrri viðhofskönnunum um ferðavenjur með nokkrum viðbótum.

Spurningar skiptast í þrjá meginflokka; ferðir út fyrir sveitarfélag (búsetusvæði), notkun innanlandsflugs og ferðavenjur innan höfuðborgarsvæðis. Könnunarstaðir eru einnig þeir sömu og í síðustu könnunum. Höfuðborgarsvæðið (skipt í 4 borgarhluta), jaðarbyggð höfuðborgarsvæðisins (Árborg, Reykjanesbær og Akranes) og landsbyggðarkjarnar (Ísafjörður, Akureyri og Egilsstaðir).




Ferðir út fyrir sveitarfélag eða búsetusvæði.

Fjöldi ferða út fyrir búsetusvæði.

Umtalsverð fækkun ferða út fyrir búsetusvæði varð veturinn 2015 – 2016 miðað við fyrri vetrarkannanir. Meðalfjöldi ferða fyrir alla könnunarstaði voru 8 ferðir, en meðaltalið í fyrri könnun var 13,5 ferðir. Mestu munar um fækkun ferða frá jaðarbyggðum höfuðborgarsvæðisins 18 ferðir en að meðaltali í fyrri könnunum voru 24 ferðir þessa þrjá vetrarmánuði. Eins er mikil fækkun ferða frá landsbyggðakjörnum úr í 9 ferðum í 5.

Miðgildi ferða út fyrir sveitarfélag voru 10 ferðir fyrir jaðarbyggð höfuðborgarsvæðisins og 2 fyrir landsbyggðakjarna. Miðtala fyrir alla svarendur eru aðeins 2 ferðir sem sýnir skekka dreifingu þ.e. töluverður fjöldi fer mjög margar ferðir sem án efa tengjast vinnu. Helsta skýringin á fráviki frá fyrri könnunum er sú að í þessari könnun sögðust 21% ekki hafa farið út fyrir búsetusvæðið þessa vetrarmánuði en aðeins 11% í vetrarkönnun 2012 og lækkar því meðalfjöldi ferða sem því nemur.

Þessi fækkun í meðalfjölda ferða rímar ekki vel við umferðartalningar Vegagerðarinnar sem sýna yfir 10% aukningu á umferð á flestum talningastöðum á hringveginum frá sama tíma fyrir ári, en þar munar án efa mest um aukna umferð erlendra ferðamanna sem ekki eru með í þessum viðhorfskönnunum. Um 30% svarenda á höfuðborgarsvæði fóru ekki út fyrir svæði sitt veturinn 2015 – 2016, 17% svarenda í landsbyggðakjörnum og 7% svarenda í jaðarbyggðum. Um 37% svarenda í jaðarbyggðum fóru oftari en 15 sinnum út fyrir búsetusvæðið veturinn 2015 – 2016.




Mynd 1

Veturinn 2015 – 2016 voru eins og í fyrri könnunum karlar meira á ferðinni en konur og fólk á aldrinum 35 – 59 ára meira en aðrir. Ekki var mikill munur eftir tekjum og menntun nema að þeir sem voru með verklega menntun voru mun meira á ferðinni en aðrir.

Ferðamáti út fyrir búsetusvæði.

Ekki eru verulegar breytingar á ferðamáta út fyrir búsetusvæði frá fyrri könnunum. Helstu breytingar eru þær að notkun einkabílsins er heldur að aukast frá 2012, hlutfall þeirra sem fara sem farþegar í bíl að lækka og hlutfall þeirra sem nota yfirleitt rútu/strætó og flug er hærra en áður. Áfram ber einkabíllinn höfuð og herðar yfir aðra ferðamáta en er ekki jafn mikið og áður því að í eldri könnunum 2005 – 2008 notuðu um 85% yfirleitt einkabílinn í ferðir út fyrir búsetusvæði. Karlar nota bílinn meira til ferða út fyrir búsetusvæði en konur og eldra fólk meira en þeir sem yngri eru. Um 90% svarenda í jaðarbyggðum höfuðborgarsvæðisins nota eigin bíl til þessara ferða og 70% svarenda í landsbyggðakjörnum. Um 3% svarenda nota yfirleitt strætó og tæp 8% innanlandsflug. Um 15% svarenda á landsbyggðakjörnum nota yfirleitt flug.




Mynd 2

Fjöldi ferða með strætó út fyrir búsetusvæði.

Þetta er í fyrsta sinn sem spurt er um notkun strætó út fyrir búsetusvæði í vetrarkönnun. Spurt var um notkun strætó sumarið 2014. Þá höfðu 8% svarenda notað strætó yfir sumarmánuðina júní – ágúst og 7% í þessari vetrarkönnun. Um 93% svarenda notaði því ekki strætó á könnunartíma s.l. vetur. Einnig var spurt um hve margar ferðir með strætó svarendur töldu sig hafa farið veturinn 2005-2016. Meðalfjöldi ferða reyndist vera 10 ferðir fyrir alla könnunarstaði. Miðgildi fyrir þá sem notuðu strætó voru 2 ferðir sem sýnir að margir notuðu strætó oft þar sem meðaltalið er mun hærra. Um 62% notuðu strætó einu sinni eða tvisvar á þessu tímabili og um 5% næstum daglega. Konur nota þessa þjónustu heldur meira en karlar og yngsti og elsti aldurshópurinn meira en aðrir. Það eldra fólk sem notar strætó notar hann að meðaltali nokkuð mikið eða 17 ferðir á þessu tímabili en hærra hlutfall ungs fólks notar strætó en fer færri ferðir en þeir sem eldri eru.

Svarendur á höfuðborgarsvæði og í landsbyggðakjörnum notuðu strætó mun minna en svarendur í jaðarbyggðum. Strætó þjónar því vel eldra og yngra fólki í jaðarbyggð sem er að sækja þjónustu og vinnu til höfuðborgarsvæðisins. Að meðaltali notuðu svarendur í jaðarbyggð höfuðborgarsvæðisins strætó 16 sinnum en svarendur á höfuðborgarsvæði aðeins 4 sinnum og svarendur í landsbyggðakjörnum 2 sinnum. Hafa verður í huga að ekki er um alla landsbyggðakjarna að ræða,

aðeins Ísafjörð, Egilsstaði og Akureyri. Þjónusta strætisvagna frá Ísafirði var aðeins 2 sinnum í viku yfir vetrarmánuðina og aðeins ekið um Norðurland til Egilsstaða.




Mynd 3

Ferðir til höfuðborgarsvæðisins.

Ekki hafa verið miklar breytingar á meðalfjölda ferða til höfuðborgarsvæðisins í síðustu vetrarkönnunum. Þessa 3 vetrarmánuði eru allir svarendur að fara 10 til 12 ferðir að meðaltali, svarendur í jaðarbyggð um 20 ferðir og svarendur í landsbyggðakjörnum 2 ferðir.


Karlar fara heldur oft en konur og fólk á miðjum aldri oft en aðrir aldurshópar. Stórar fjölskyldur með marga bíla á heimili fara oft en aðrir og þeir sem eru með verklegt framhaldsnám. Svarendur í Reykjanesbæ fara oftast til höfuðborgarsvæðisins eða 26 ferðir að meðaltali, rúmlega 2 ferðir á viku. Næst koma svarendur á Akranesi með 19 ferðir og Árborg með 15 ferðir að meðaltali. Það er greinilegt að höfuðborgarsvæðið er ekki að draga fólk frá landsbyggðakjörnunum til sín í auknum mæli. Um þriðjungur svarenda í landsbyggðakjörnunum fór ekki til höfuðborgarsvæðisins á þessu tímabili en aðeins 1% svarenda í jaðarbyggð.



Mynd 4

Mikilvægasta framkvæmd við samgöngukerfi höfuðborgarsvæðisins næstu misseri.

Töluverðar sveiflur hafa orðið á viðhorfum svarenda til mikilvægustu verkefna í samgöngumálum síðustu árin. Svarendur velja á milli 7 valkosta eða nefna aðra kosti. Árið 2009 nefndu flestir eða um þriðjungur umbætur á Suðurlandsvegi sem hefur minnkað verulega vegna umbóta á veginum á síðustu árum. Í könnun 2012 voru jarðgöng efst á óskalistanum en í könnun 2016 hafa óskir um umbætur á hringveginum m.a. fækkun á einbreiðum brúm tekið efsta sætið. Aðrar helstu breytingar frá 2012 er að óskir um betri almenningssamgöngur hafa dalað úr 23% í 16% svara og sama á við um óskir um ný jarðgöng sem nefnt var af 27% svarenda 2012 en aðeins 12% 2016. Líklega má túlka þessar breytingar á þann veg að jarðgangnaframkvæmdir síðustu misseri og samningur Vegagerðarinnar við sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu um milljarð á ári til almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu í maí 2012 hafi komið á móts við þessar óskir.




Mynd 5

Ef litið er til svara eftir byggðasvæðum kemur í ljós að svarendur á höfuðborgarsvæði leggja megin áherslur á hringvegin, almenningssamgöngur og stofnbrautakerfið. Athygli vekur að aðeins 6% nefna hjóla- og göngustíga sem mikið hafa verið í umræðunni. Ekki var boðið upp á stíga sem valkost í könnun 2012. Ef litið er nánar á þá sem nefna oftast umbætur á hjóla- og göngustígum kemur í ljós að það eru svarendur þar sem ekki er bíll á heimilinu, þeir sem búa vestan Kringlumýrarbrautar í Reykjavík og á Akureyri og eru á miðjum aldri.

Í jaðarbyggð nefna lang flestir hringvegin og síðan koma þrjár framkvæmdir; Sundabraut, almenningssamgöngur og Suðurlandsvegur. Hjá svarendum í landsbyggðakjörnum stendur tvennt upp úr, umbætur á hringvegi og ný jarðgöng. Svarendur í einstökum sveitarfélögum hafa mismunandi skoðun á mikilvægustu framkvæmdunum eftir aðstæðum í nágrenni bæjanna. Svarendur í Árborg nefna Suðurlandsveg, svarendur á Akranesi nefna Sundabraut og í Reykjanesbæ stofnbrautakerfi höfuðborgarsvæðisins.


Ísfirðingar vilja lang flestir ný jarðgöng en Akureyringar vilja bæta hringvegin. Svarendur á Egilsstöðum og nágrenni nefna jafnt umbætur á hringvegi og ný jarðgöng.



Mynd 6

Ferðast þú meira eða minna innanlands síðastliðinn vetur en í fyrravetur?


Í könnuninni 2012 var spurt hvort svarendur ferðuðust meira eða minna það ár en fyrir efnahagshrun. Nú er svo langt um liðið frá hruni að spurningunni er breytt á þann veg að spurt er hvort svarendur ferðuðust meira eða minna veturinn 2015 – 2016 en í fyrra vetur. Niðurstöðurnar eru svipaðar, flestir telja sig hafa ferðast svipað eða minna en áður. Þeir sem segjast hafa ferðast meira sl. vetur en áður koma frá heimilum þar sem eru margir bílar og svarendur með verklega framhaldsmenntun. Þá ferðuðust svarendur í landsbyggðakjörnum heldur meir en aðrir svarendur.



Mynd 7

Hafði fjöldi erlendra ferðamanna áhrif á ferðaáætlanir þínar?


Þessarar spurningar var fyrst spurt í sumarkönnun 2014. Að sjálfsögðu er fjöldi ferðamanna margfalt fleiri að sumri en vetri en niðurstöðurnar eru svipaðar. Um 90% svarenda telja að fjöldi erlendra ferðamanna hafi ekki haft áhrif á ferðaáætlanir sínar. Mesti munurinn er á því hve hlutfall svarenda í landsbyggðakjörnum sem telja að fjöldi erlendra ferðamanna hafi haft áhrif á sínar ferðaáætlanir sínar sumarið 2014 hefur lækkað veturinn 2015-2016.



Mynd 8

Hvaða áhrif?

Niðurstöður beggja kannana eru svipaðar. Flestir þeirra sem svöruðu þessari spurningu jákvætt segjast hafa hætt við að heimsækja fjölsóttu ferðamannastaði vegna örtraðar af erlendum ferðamönnum. Þá er að verða vaxandi vandamál að fá gistingu og borð á veitingastöðum og fleiri íhuga að ferðast frekar utanlands en innanlands. Annað sem svarendur nefna er að erlendir ferðamenn séu hættulegir í umferðinni, stoppa iðulega á miðjum vegi að skoða norðurljós, fugla eða eitthvað annað markvert. Bíða verður eftir næstu sumarkönnun til að fá raunhæfari samanburð milli ára. Reyndar er rétt að taka fram að mikill meirihluti svarenda taldi sig ekki hafa orðið breyta ferðaáætlunum sínum s.l. vetur vegna erlendra ferðamanna þrátt fyrir að fjöldi þeirra eykst hratt ár frá ári. Konur eru mun viðkvæmari fyrir truflunum frá erlendum ferðamönnum en karlar.




Mynd 9

Innanlandsflug


Notkun á innanlandsflugi.

Um 82% svarenda flaug ekki innanlands veturinn 2015-2016. Þessi tala hefur farið hækkandi frá fyrri könnunum, var t.d. 72% veturinn 2004 – 2005. Meðalfjöldi flugferða innanlands þessa 3 vetrarmánuði hefur verið á bilinu 0,5 (2016) til 0,8 ferðir (2012.) Í þessari könnun var meðalfjöldi ferða í innanlandsflugi að vetri 1,2 ferðir frá landsbyggðakjörnum sem er mikil lækun frá 2,2 ferðum 2012. Meðalfjöldi flugferða svarenda á höfuðborgarsvæði og jaðarbyggð eru 0,2 ferðir veturinn 2015-2016. Miðað er við flug aðra leiðina. Ekki er tekið tillit til erlendra ferðamanna.



Mynd 10

Þegar spurt er um hve oft fólk flýgur að jafnaði innanlands á ári breytist myndin nokkuð því að meðalfjöldi flugferða hjá svarendum í landsbyggðakjörnum fer stighækkandi frá 2005. Aftur á móti fækkar ferðum frá höfuðborgarsvæði frá 2012 og fjöldi ferða allra svarenda lækkar úr 0,8 ferðum 2012 í 0,5 ferðir 2016. Samkvæmt þessu fljúga svarendur á landsbyggð minna að vetri en sumri.




Mynd 11

Um 60% svarenda sögðust yfirleitt ekki nota innanlandsflug, 22% fljúga 1-2sinnum á ári og 18% nota innanlandsflug 3 sinnum eða oftar á ári. Karlar nota innanlandsflug meira en konur og fólk á miðjum aldri meira en aðrir aldurshópar. Þá eykst notkun innanlandsflugs með hærri tekjum og meiri menntun. Svarendur á Egilsstöðum og nágrenni fljúga oftast innanlands eða 5,7 ferðir að jafnaði á ári en svarendur á Ísafirði og Akureyri tæplega 4 ferðir að meðaltali.

Hve oft er flogið til útlanda?

Fjöldi flugferða til útlanda fer mjög eftir efnahagsástandi. Veturinn 2007 - 2008 á hátindi efnahags þenslunar fóru svarendur um 2,6 ferðir að jafnaði til útlanda. Fjöldi ferða dettur niður í 1,1 ferð 2010 vegna fjármálakreppunnar og fer síðan vaxandi og nær aftur 2,6 ferðum 2016. Um 16% svarenda segjast nær aldrei fljúga til útlanda, 53% 1-2 sinnum á ári og 28% 3 sinnum eða oftar.


Karlar fljúga oftar til útlanda en konur og fólk á miðjum aldri meira en aðrir. Svarendur á höfuðborgarsvæðinu fara oftar en aðrir eða um 3,3 ferðir að jafnaði. Þeir sem búa vestan Kringlumýrarbrautar fljúga oftar til útlanda en aðrir svarendir á höfuðborgarsvæðinu eða tæplega 5 ferðir að jafnaði. Ferðafjöldi hækkar með auknum tekjum og meiri menntun.



Mynd 12


Á að flytja flugstarfsemi úr Vatnsmýrinni?

Niðurstöður við þessari spurningu í könnuninni í mars 2016 er svipaðar og í fyrri könnunum Landráðs sf fyrir Vegagerðina. Um 59% allra svarenda vilja ekki flytja flugstarfsemi úr Vatnsmýrinni, 14% eru hlutlaus og 27% vilja innanlandsflugið burt. Stærsti hluti svarenda eða 47% eru mjög mótfallin því að flugið hverfi úr Vatnsmýrinni (mynd 13). Ef aðeins er tekið tillit til þeirra sem tóku afstöðu eru 69% á móti því að flugstarfsemin verði flutt burtu og 31% eru því hlynnt.



Mynd 13


Mynd 14 sýnir að niðurstöðurnar 2016 eru svipaðar fyrri niðurstöðum. Um 60% allra svarenda vilja halda miðstöð innanlandsflugs í Vatnsmýri, um 15% hafa ekki myndað sér afstöðu og um fjórðungur vill flugstarfsemina burt.



Mynd 14


Ef litið er til þrískiptingar könnunarstaða; höfuðborgarsvæðið, jaðarbyggð höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðakjarnanna hafa niðurstöðurnar orðið áþekkar könnunum Land-ráðs sf fyrir Vegagerðina allt frá árinu 2008. Heldur virðist fækka í hópi svarenda á höfuðborgarsvæðinu sem vill halda í flugstarfsemina, svarendur á landsbyggðakjörnum styrkjast enn frekar í andstöðu sinni við mögulegan flutning og svarendur í jaðarbyggð einnig. Í könnuninni 2016 fer hlutfall andstæðinga

flutnings flugvallarins úr Vatnsmýrinni á höfuðborgarsvæðinu fyrsta skipti niður fyrir 50% svarenda, en rétt er að halda því til haga ef aðeins er tekið tillit til þeirra sem tóku afstöðu (sleppt hlutlausum) breytist hlutfall andstæðinga flutnings í 56%.



Mynd 15


Ef litið er til viðhorfa svarenda eftir borgarhlutum á höfuðborgarsvæðinu er greinilegt að stuðningur við brottflutning flugstarfsemi úr Vatnsmýrinni minnkar eftir því sem fjær dregur frá flugvellið. Andstaðan við veru flugvallarins er mest hjá svarendum sem búa vestan Kringlumýrarbrautar eða um 53% ef ekki er tekið tillit til hlutlausra svarenda. Um 47% Reykvíkinga vill ekki flytja flugstarfsemina úr Vatnsmýri, 13% eru hlutlaus og 40% vilja flugið í burtu. Ef aðeins er tekið tillit til þeirra sem tóku afstöðu voru um 54% svarenda í Reykjavík á móti því að flugstarfsemi yrði flutt á burt úr Vatnsmýri.



Mynd 16

Ef ekki Vatnsmýri – hvert á þá að flytja flugstarfsemina?


Mikil óvissa hefur lengi ríkt um hvert ætti að flytja miðstöð innanlandsflugs ef starfsemin verður lögð niður í Vatnsmýri. Um 58% svarenda nefna Keflavík. Hvassahraun og Löngusker fá aðeins 14% stuðning og Hólmsheiði 6%. Þetta er svipuð niðurstaða og í fyrri könnunum nema að stuðningur við Keflavík fer heldur vaxandi. Þeir sem nefna annað vilja að Landspítali og miðstöð innanlandsflugs séu nálægt hvort öðru. Almennt vilja svarendur hafa miðstöð innanlandsflugs nærri sér, svarendur í Reykjanesbæ vilja innanlandsflugið til Keflavíkur og svarendur í Árborg nærri Selfossi eða á Hólmsheiði. Svarendur í landsbyggðakjörnum vilja síður að miðstöð innanlandsflugs fari til Keflavíkur og svarendur í vesturbæ Reykjavíkur vilja helst sjá flugið í Keflavík.



Mynd 17

Hvert á höfuðborgarsvæðinu átt þú oftast erindi?

Flestir eða rúm 40% eiga helst erindi í miðbæinn og nærliggjandi hverfi vestan Kringlumýrarbrautar og fer sóknin í þennan borgarhluta vaxandi. Um 78% svarenda eiga erindi innan borgarmarka Reykjavíkur. Athygli vekur að vaxandi fjöldi á erindi í sveitarfélög nærri höfuðborgarsvæðinu, en sóknin í suðurhluta höfuðborgarsvæðisins virðist fara minnkandi. Ungt fólk sækir einna mest í miðborgina og Kringlu – Skeifusvæðið, en miðaldra og eldra fólk í Smáralind og suðurhluta höfuðborgarsvæðisins. Svarendur í Reykjanesbæ eiga helst erindi í suðurhluta höfuðborgarsvæðisins en svarendur í öðrum landsbyggðakjörnum sækja í þjónustu í miðborgina og önnur hverfi í vestari hluta Reykjavíkur, vestan Reykjanesbrautar (Mynd 18).



Mynd 19

Ferðavenjur á höfuðborgarsvæðinu.


Í ferðavenjukönnunum Land-ráðs sf fyrir samgönguyfirvöld hefur höfuðborgarsvæðinu verið skipt í fjóra hluta (sjá mynd 20). Seltjarnarnes tilheyrir Reykjavík I og Mosfellsbær Reykjavík III.



Mynd 20


Meðalferðatími.

Samkvæmt könnunum Land-ráðs sf á meðalferðatíma milli heimilis og vinnu hefur hann farið vaxandi frá 2007. Þá var ferðtíminn á höfuðborgarsvæðinu að meðaltali 10 og hálf mínúta en var kominn í 14 mínútur í vetrarkönnun 2016, spurt í marsmánuði (mynd 21). Miðgildi reyndist vera 12 mínútur. Hærri tölur úr tveimur síðustu könnunum, 2014 og 2016, bendir til þess að vaxandi umferðarþungi lengi ferðatímann og eins taka aðrir ferðamátar eins og strætó iðulega lengri tíma en einkabíllinn á lengri vegalengdum. Meðalferðatími þeirra sem ekki hafa bíl til umráða var 20 mínútur.



Mynd 21


Eins og í fyrri könnunum Land-ráðs sf er ferðatími til og frá vinnu stytur miðsvæðis í Reykjavík (Reykjavík II) þ.e. í hverfum næst miðpunkti íbúadreifingar á höfuðborgarsvæðinu austan Borgarspítala. Því næst í hverfum vestan Kringlumýrarbrautar (Reykjavík I) og lengstur í austurhverfum Reykjavíkur og Mosfellsbæ (Reykjavík III) tæpar 16 mínútur að meðaltali. Að meðaltali er ferðatími næst lengstur í sveitarfélögum sunnan Reykjavíkur á höfuðborgarsvæðinu. Ferðatími kvenna er heldur lengri en karla og ferðatími yngri svarenda lengri en þeirra sem eldri eru. Almennt eru miðgildi ferðátíma eftir félagshópum á bilinu 10 til 15 mínútur.



Mynd 22

Meðalfjöldi ferða.

Samkvæmt könnunum Land-ráðs sf er greinilegt að svarendur á höfuðborgarsvæðinu fara að meðaltali fleiri ferðir á veturna en á sumrin og fer meðalfjöldi ferða vaxandi frá 2007. Samkvæmt vetrarkönnun 2016 eru svarendur að fara rúmlega 2 ferðir fram og til baka. Hér er um að ræða allar ferðir ekki aðeins milli heimilis og vinnu. Miðgildi var 4 ferðir.




Mynd 23

Um fimmtungur svarenda fer að meðaltali 2 eða færri ferðir á virkum degi og 42% fleiri en 5 ferðir. Ekki er mikill munur á meðalfjölda ferða eftir aldri og kyni, þó ferðast karlmenn heldur meira en konur. Svarendur með verklegt framhaldsnám eru meira á ferðinni en aðrir og eins þeir þar sem margir eru á heimili. Eru þeir líklega að skutla börnum í tómstundir og skóla.

Hve löngum tíma er eytt í bíl á virkum degi að meðaltali?


Að meðaltali dveljast svarendur á höfuðborgarsvæðinu á bilinu 40 – 45 mínútur í bíl á hverjum virkum degi. Miðað við 5 - 6 ferðir á dag er meðaltími allra ferða um 7-8 mínútur, sem er mun styttri tími en ferðin frá heimili að vinnustað. Vinnuferðir eru yfirleitt farnar á álagstímum að morgni og um eftirmiðdaga og taka því langan tíma. Þessar tölur endurspeglar ójafna dreifingu vinnustaða og heimila á höfuðborgarsvæðinu þ.e. að flestir vinnustaðir eru í vesturhluta Reykjavíkur en margir búa í jaðarbyggðum höfuðborgarsvæðisins þ.e. þessi dreifing kallar á langar ferðir. Tölurnar sína einnig að stór hluti annarra ferða en til vinnu eru mun styttri en vinnuferðirnar, líklega að stórum hluta ferðir eftir þjónustu innan þess borgarhluta sem svarendur búa. Svarendur dveljast að meðaltali styttri tíma í bílum að sumri en vetri.



Mynd 24


Ferðamáti á höfuðborgarsvæðinu.

Einkabílinn hefur verið ríkjandi ferðamáti á höfuðborgarsvæðinu um áratugi. Frá 2007 hefur hlutur einkabílsins farið stíglækkandi, var 87% árið 2007 og kominn niður í 75% árið 2012 og 2014. Í þessari könnun 2016 vex hlutur einkabílsins í 78% allra ferða. Án efa skýrist þessi aukning á miklum innflutningi bíla síðustu misseri sem hefur endurspeglast í vaxandi umferð á höfuðborgarsvæðinu og reyndar um allt land. Samkvæmt gögnum Vegagerðarinnar hefur umferð farið stígvaxandi á höfuðborgarsvæðinu frá árinu 2012. Frá árinu 2005 hefur umferð á höfuðborgarsvæðinu vaxið um 28% en hún stóð í stað og dróst lítillega saman saman milli 2009 og 2011.



Mynd 25


Ekki hafa orðið umtalsverðar breytingar á fjölda þeirra sem nota aðra ferðamáta en einkabíl á höfuðborgarsvæðinu að vetrarlagi samkvæmt könnunum Land-ráðs sf síðasta áratuginn. Um 7% - 8% nota yfirleitt strætó, 6% - 7% ganga og 4% nota hjól. Hlutfall þeirra sem ferðast sem farþegar í einkabíl hefur vaxið úr 3% 2012 í 5% 2016. Eldra fólk notar bílinn meira en þeir sem yngri eru og yfir 90% svarenda sem hafa aðgang að 2 eða fleiri bílum nota hann yfirleitt í sínum ferðum. Ekki er mikill munur eftir tekjum eða menntun svarenda.



Mynd 26

Eins og í fyrri könnunum er umtalsverður munur á ferðamáta eftir borgarhlutum. Þetta eru svipaðar niðurstöður og í fyrri könnunum, nema að nú hefur Reykjavík II, hverfin milli Kringlumýrarbrautar og Reykjanesbrautar, tekið við Reykjavík I, hverfin vestan Kringlumýrarbrautar, með minnstu notkun einkabílsins. Eins og í fyrri könnunum eykst notkun einkabílsins með aukinni fjarlægð frá miðpunkti íbúadreifingar. Ekki hefur höfundur skýringar á því hvers vegna miðborgin og nærliggjandi hverfi hafa


misst stöðu sína með minnstu notkun einkabílsins og þyrfti að kanna það nánar. Eins og í fyrri könnunum ferðast hlutfallslega flestir gangandi í Reykjavík I. Þá nota hlutfallslega flestir hjól í vesturhluta borgarinnar. Notkun strætisvagna er mest í Reykjavík II og III en mjög lítil í sveitarfélögunum sunnan Reykjavíkur.



Mynd 27

Er meiri notkun á öðrum ferðamátum en einkabíl en fyrir 2 árum?


Það er greinilegt að svarendur eru mun frekar tilbúnir að nota aðra ferðamáta en einkabíl að sumri en vetri. Þeir treysta frekar á bílinn í misjöfnu veðri að vetrarlagi, en hjóla og ganga frekar að sumrinu. Yngri svarendur sögðust frekar en aðrir hafa breytt yfir í aðra ferðamáta en einkabílinn. Sama má segja um þá sem hafa lengstu menntun og búa miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu



Mynd 28

Hvaða annan ferðamáta en einkabíl notar þú nú meira en fyrir 2 árum?


Af þeim sem sögðust nú nota aðra ferðamáta meira en bílinn voru hlutfallslega flestir meðal ungs fólks. Um helmingur svarenda nefnir að ganga, hjóla og taka strætó. Þetta á aðallega við um ungt fólk sem býr í vesturhluta borgarinnar vestan Reykjanesbrautar. Athygli vekur að fleiri nefna leigubíla en í vetrarkönnun 2012. Svarendur í austurhluta Reykjavíkur, Reykjavík III, segja oftast en aðrir að þeir noti oftast strætó. Svarendur sunnan Reykjavíkur segjast oftast fá far með öðrum og svarendur í Reykjavík I að þeir noti leigubíla oftast en áður.



Mynd 29

Mikilvægustu framkvæmdir fyrir samgöngur á höfuðborgarsvæðinu.

Stuðningur við betrubætur á stofnbrautakerfi höfuðborgarsvæðisins fær mestan stuðning eftir samdrátt frá því fyrir hrun 2007.




Mynd 30

Mest aukning er við að undirbúa léttlestakerfi, en nokkuð hefur dregið úr stuðningi við bættu þjónustu strætó og að bæta hjóla og gönguleiðir. Tiltölulega fáir vilja fjölga bílstæðum í miðbænum. Mesti stuðningur við að bæta stofnbrautakerfið er hjá eldra fólki og hjá þeim sem búa á jaðarsvæðum höfuðborgarsvæðisins. Eins hjá svarendum sem þar sem margir eru á heimili og bílaeign er mikil. Stuðningur við bættu þjónustu stætó er mest meðal ungs fólks og þeirra em búa vestan Reykjanesbrautar. Eins hjá stórum heimilum.

Stuðningur við bættar hjóla- og gönguleiðir er mest hjá miðaldra fólki og hjá þeim búa í eða við miðborgina. Hjá svarendum sem ekki hafa bíl til umráðaða er mestur stuðningur við strætó og bættar göngu- og hjólaleiðir. Eldra fólk og þeir sem búa í austurhluta borgarinnar sem og svarendur sem hafa marga bíla á heimili vilja sjá fækkun hraðahindrana. Svarendur sem búa vestan Kringlumýrarbrautar og sunnan Fossvogs vilja fjölga bílastæðum í miðborginni. Sama á við um ungt fólk. Karlar og ungt fólk vilja sjá léttlesta- eða hraðvagnakerfi. Sama á við svarendur sem búa vestan Kringlumýrarbrautar.

Umferðarpungi og ferðir

Um þrír fjórðu hlutar svarenda segjast reyna að forðast álagstíma þegar þeir ferðast um höfuðborgarsvæðið. Ekki er verulegur munur milli aldurshópa en mun fleiri konur en karlar svara




Mynd 31

þessu játandi. Hlutfallslega flestir sem búa sunnan Fossvogs svara þessu játandi en fæstir í Reykjavík II. Þeir sem ekki hafa bíl hafa ekki áhyggjur af umferðarpunga en þeir sem hafa marga bíla til umráða varast álagstoppa í umferðinni.

Hvernig finnst þér hafa tekist til við endurbætur á Borgartúni?


Skiptar skoðanir hafa verið á því hvernig hefur tekist við endurbætur á Borgartúni. Samkvæmt niðurstöðum við þessari spurningu eru 43% svarenda óánægðir með útkomuna, 23% eru hlutlausir

og 34% jákvæðir. Eldra fólk er almennt ánægðara en þeir sem yngri eru. Svarendur í nágrannsveitarfélögum Reykjavíkur er ánægðastir og svarendur í austurhluta Reykjavíkur óánægðastir



Mynd 32

Óánægðum fjölgar með auknum aldri svarenda og þeir sem búa fjærst Borgartúni eru óánægðari en þeir sem nær búa. Karlar eru heldur óánægðari en konur. Þeir svarendur sem ekki eiga bíl eru ánægðari með framkvæmdina en aðrir og svarendur sem hafa fleiri en tvær bifreiðar til umráða eru óánægðari en aðrir.




Mynd 33

Ánægja og óánægja með snjómokstur í sveitarfélaginu veturinn 2015 – 2016.

Rúmur helmingur svarenda á höfuðborgarsvæðinu eru ánægðir með snjómoksturinn í sínu sveitarfélagi veturinn 2015 – 2016. Reykvíkingar eru óánægðari en svarendur í sveitarfélögum sunnan borgarinnar. Þeir sem búa í Reykjavík I og II eru ánægðari en þeir sem búa í austurhluta

borgarinnar þar sem snjóþyngli eru víða meiri en í vesturhluta borgarinnar. Ekki er munur milli karla og kvenna, en þeir sem eru með lágar tekjur eru mjög óánægðir með snjómoksturinn.



Mynd 34

Viðauki I

LAND-RÁÐ – VETRARKÖNNUN 2016 SPURNINGALISTI

A FERÐIR ÚT FYRIR BÚSETUSVÆÐI

1. Hve oft ferðast þú út fyrir þitt sveitarfélag (byggðasvæði) í vetur, desember- febrúar?
[opin spurning]

[Spurt ef svarendur hafa ferðast út fyrir sitt sveitafélag]

2. Ferðamáti: Hvernig ferðast þú oftast út fyrir sveitarfélag?

- a) Eigin bíl
- b) Farþegi í bíl
- c) Rútu / Strætó
- d) Flug
- e) Ferju
- f) Með öðrum hætti
- g) Veit ekki
- h) Vil ekki svara

- a) Hefur þú ferðast með strætó út fyrir þitt sveitafélag (byggðasvæði) í vetur, desember- febrúar?
- b) Já
- c) Nei
- d) Veit ekki / vil ekki svara

[Spurt ef svarendur hafa farið út fyrir sitt sveitafélag með strætó í vetur]

3. Hversu oft fórstu út fyrir þitt sveitafélag (byggðasvæði) í sumar með strætó?
[opin spurning]

[Einungis spurt ef fólk býr á landsbyggðinni, utan höfuðborgarsvæðis]

4. Hve oft fórst þú til höfuðborgarsvæðisins í vetur, desember - febrúar?
[opin spurning]

5. Hver er mikilvægasta framkvæmd í samgöngukerfi landsins á næstu misserum að þínu mati?
- a) Lagning Sundabrautar
 - b) Bæta almenningssamgöngur
 - c) Bæta hringveginn (tvöfalda og fækka einbreiðum brúm)
 - d) Jarðgöng á landsbyggðinni
 - e) Bæta stofnbrautakerfið á höfuðborgarsvæðinu
 - f) Bæta Suðurlandsveg
 - g) Bæta hjóla- og stígakerfið
 - h) Annað, hvað? [opin spurning]
 - i) Veit ekki
 - j) Vil ekki svara
6. Ferðaðist þú meira eða minna innanlands núna í vetur en síðasta vetur?
- a) Meira
 - b) Svipað
 - c) Minna
 - d) Veit ekki / Vil ekki svara
7. Hafði fjöldi erlendra ferðamanna áhrif á ferðavenjur eða ferðaætlanir þínar í vetur?
- a) Já
 - b) Nei
 - c) Veit ekki / Vil ekki svara

[Spurt ef svarendur segja að fjöldi erlendra ferðamanna hafi haft áhrif]

8. Hvaða áhrif hafði fjöldi erlendra ferðamanna á ferðavenjur eða ferðaáætlanir þínar síðastliðið sumar?
- Merktu við allt sem við á
 - a) Hætti við að heimsækja fjölsóttan ferðamannastað
 - b) Fékk ekki gistingu þar sem ég hafði áætlað að gista
 - c) Fékk ekki borð á veitingastað
 - d) Ákvað að ferðast frekar erlendis
 - e) Annað, hvað [opin svarmöguleiki]
 - f) Veit ekki/vil ekki svara

B INNANLANDSFLUG

9. Hve oft flaugst þú innanlands síðustu þrjá mánuði (desember - febrúar)?
[opin spurning]

10. Hve oft flýgur þú að jafnaði innanlands á ári?
[opin spurning]
11. Hve oft flýgur þú til útlanda á ári að jafnaði?
[opin spurning]
12. Ert þú sammála eða ósammála því að flytja eigi miðstöð innanlandsflugs úr Vatnsmýrinni í Reykjavík?
- a) Mjög sammála
 - b) Frekar sammála
 - c) Hvorki né
 - d) Frekar ósammála
 - e) Mjög ósammála
 - f) Veit ekki / vil ekki svara
13. Ef ákveðið verður að flytja miðstöð innanlandsflugs úr Vatnsmýri hvert á þá að flytja hana?
- a) Hólmsheiði
 - b) Löngusker
 - c) Hvassahraun
 - d) Keflavík
 - e) Annað, hvert? [opin spurning]
 - f) Veit ekki / Vil ekki svara
- [Spurt ef svarandi hefur ferðast með innanlandsflugi]
14. Hvert á höfuðborgarsvæðinu átt þú oftast erindi?
- a) Vestan Kringlumýrarbrautar (Miðbæinn)
 - b) Milli Kringlumýrarbrautar og Reykjanesbrautar (Kringlan – Skeifan)
 - c) Austan Reykjanesbrautar (Breiðholt-Grafarvogur/-holt-Mosfellsbær)
 - d) Sunnan Fossvogsdals (Kópavogur til Hafnarfjarðar)
 - e) Suðurnes
 - f) Annað, hvert? [opin spurning]
 - g) Veit ekki / Vil ekki svara

C) FERÐIR FÓLKS Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

(skipt í 4 svæði – aðeins fyrir íbúa höfuðborgarsvæðis)

15. Hve langan tíma tekur ferð þín milli heimilis og vinnustaðar að jafnaði?
[opin spurning – mín]

16. Hve margar ferðir ferð þú að jafnaði á virkum degi?
– öll erindi (ein ferð = milli A og B)

[opin spurning]

17. Hve löngum tíma telur þú að þú eyðir í einkabíl að jafnaði á virkum degi?
[opin spurning – mín]

18. Ferðamáti: Hvernig ferðast þú að jafnaði innan höfuðborgarsvæðis?

- a) Gangandi
- b) Eigin bíl
- c) Farþegi í bíl
- d) Reiðhjól
- e) Strætó
- f) Með öðrum hætti
- g) Veit ekki / Vil ekki svara

19. Notar þú nú meira aðra ferðamáta en einkabíl en þú gerðir fyrir 2 árum?

- a) Já
- b) Nei
- c) Veit ekki / Vil ekki svara

[spurt ef svarendur hafa ferðast meira með öðrum hætti]

20. Hvaða ferðamáta notar þú meira í dag heldur en þú gerðir fyrir 2 árum í stað einkabíls?

- a) Fer meira gangandi
- b) Nota meira reiðhjól
- c) Nota meira mótorhjól
- d) Nota meira strætisvagna
- e) Fæ oftast far með öðrum í bíl
- f) Nota meira leigubíla
- g) Veit ekki /vil ekki svara

21. Hver er mikilvægasta framkvæmd í samgöngumálum á höfuðborgarsvæðinu næstu misseri að þínu áliti?

- a) Bæta stofnbrautakerfið
- b) Bæta þjónustu Strætó m.a. að auka tíðni ferða
- c) Bæta hjóla- og gönguleiðir
- d) Fækka og lagfæra hraðahindranir
- e) Fjölga bílastæðum í miðbænum
- f) Vinna að undirbúningi léttlestakerfis/hraðvagnakerfis
- g) Annað, hvað? [opin svarmöguleiki]
- h) Veit ekki / Vil ekki svara

22. Hefur umferðarþungi á álagstímum á stofnbrautakerfinu þau áhrif að þú velur að reka erindi á öðrum tímum dagsins?
23. Hvernig finnst þér hafa tekist til við endurbætur á Borgartúni?
24. Hversu ánægður eða óánægð(ur) varst þú með snjómokstur í þínu sveitarfélagi í vetur (desember til febrúar).
- a) Mjög ánægð(ur)
 - b) Frekar ánægð(ur)
 - c) Bæði/og
 - d) Frekar óánægð(ur)
 - e) Mjög ánægð(ur)
 - f) Veit ekki/vil ekki svara

D) BAKGRUNNSUPPLÝSINGAR

Staðlaðar upplýsingar frá MMR: Kyn, Aldur, Búsetu, Menntun, Heimilistekjur

Viðbótarbakgrunnsupplýsingar fyrir Land-ráð:

25. Hversu mörg börn, yngri en 18 ára, búa á heimilinu?
- d) Engin börn
 - e) 1 barn
 - f) 2 börn
 - g) 3 börn
 - h) 4 börn
 - i) 5 börn eða fleiri
 - j) Vil ekki svara
26. Hversu margir búa á heimilinu?
- börn og fullorðnir samanlagt
- a) 1
 - b) 2
 - c) 3
 - d) 4
 - e) 5
 - f) 6
 - g) 7
 - h) 8 eða fleiri
 - i) Vil ekki svara
27. Hversu margir bílar eru á heimilinu?
- a) Enginn bíll
 - b) 1 bíll
 - c) 2 bílar

- d) 3 bílar
- e) 4 bílar eða fleiri
- f) Vil ekki svara

28. Býrð þú í eigin húsnæði eða öðru húsnæði?

- g) Ég bý í eigin húsnæði
- h) Ég bý í leiguhúsnæði
- i) Ég bý í foreldrahúsum
- j) Ég bý við annað fyrirkomulag
- k) Veit ekki
- l) Vil ekki svara

Viðauki II

Fyrri kannanir Land-ráðs sf á ferðavenjum

Unnið fyrir samgönguyfirvöld

- 1) Áhrifasvið höfuðborgarsvæðisins og helstu þéttbýlisstaða: *Sumarferðir 2004*, nóvember 2004
- 2) Áhrifasvið höfuðborgarsvæðisins og helstu þéttbýlisstaða: *Vetrarferðir 2004 – 2005*, ágúst 2005
- 3) *Erlendir ferðamenn á Íslandi: Þróun á ferðavenjum og áhrif á samgöngukerfi*, júní 2006
- 4) *Könnun meðal farþega í innanlandsflugi, í mars – apríl 2006*, september 2006
- 5) *Ferðir til Reykjavíkur frá 16 landsbyggðasvæðum*, október 2006
- 6) *Ferðavenjur sumarið 2007*, janúar 2007
- 7) *Ferðavenjur veturinn 2007 – 2008*, október 2008
- 8) *Könnun á ferðavenjum í mars 2009 (Kreppukönnun)*, apríl 2009
- 9) *Könnun á ferðavenjum sumarið 2010*, október 2010
- 10) *Könnun á ferðavenjum veturinn 2013 – 2014*, mars.
- 11) *Könnun á ferðavenjum sumarið 2014*, október.